

Borgarráð Reykjavíkur  
b.t. skrifstofu borgarstjórnar  
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

**Borgarráð 16. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnafulltrúa Miðflokksins um vexti sem Félagsbústaðir greiddu af öllu lánasafni sínu á árunum 2014-2019 – R20010224**

Taflan hér að neðan sýnir árlegar vaxtagreiðslur á tímabilinu 2014 til 2019 og fjölgun íbúða í eigu félagsins fyrir sama tímabil. Vaxtagreiðslur eru bæði settar fram á verðlagi hvers árs og á uppreiknuðu verðlagi ársins 2019.

Félagsbústaðir	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Vaxtagreiðslur í mkr.	953.124	967.393	1.029.174	1.160.374	1.187.770	1.288.558
Vaxtagr. á verðl. 2019	1.070.397	1.065.169	1.109.930	1.230.101	1.219.495	1.288.558
Fjölgun íbúða á ári	32	82	36	162	86	112
Eiginfjárlutfall	36,8%	40,2%	48,3%	51,8%	50,9%	50,4%
Skuldsetningarhlutfall	164,6%	133,3%	103,6%	85,0%	90,4%	90,7%

Greiddir vextir á tímabilinu 2014 til 2019 námu rúmum 6,5 milljörðum króna. Á sama tímabili fjölgaði eignum til útleigu um 510 og í lok árs 2019 var fjöldi íbúða/leigugeininga í eigu Félagsbústaða 2.778. Fasteignakaup hafa aukist mikið undanfarin 3 ár í takt við áherslur Húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar. Húsnæðisáætlunin gerir ráð fyrir að 5% íbúða í uppbyggingarverkefnum séu félagslegt leiguhúsnæði og áætlanir fyrir tímabilið 2018 til 2022 gera ráð fyrir að fjölga íbúðum um 600.

Til upplýsinga er hér einnig birt eiginfjárlutfall (hlutfall eigin fjár á móti heildarfjármagni) og skuldsetningarhlutfall félagsins á umræddu tímabili. Sjá má að eiginfjárlutfall hefur aukist úr tæplega 37% árið 2014 í ríflega 50% árið 2019. Skuldsetningarhlutfallið (hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé) hefur á sama tíma minnkað og nemur 49,6% í lok árs 2019.

Á árinu 2019 endurfjármögnuðu Félagsbústaðir óhagstæð lán að fjárhæð 4,2 milljarða með útgáfu félagslegra skuldabréfa. Áætla má að á árinu 2020 lækki vaxtagreiðslur vegna þessa um 70 mkr.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir,  
framkvæmdastjóri